

Pingmannaskákin:

Hollendingar sigruðu með 5,5 vinningum gegn 3,5

SKÁKKEPPNI íslenzkra og hollenzkra alþingismanna hér á landi er nú lokið og fóru Hollendingarnir með sigur af hólmi. Hluti þeir alls 5,5 vinninga gegn 3,5 vinningum hinna íslensku kollega sinna.

Tefldar voru þrjár umferðir þriggja þátttakenda frá hvoru landi. Í fyrstu umferðinni fóru leikar svo að íslensku alþingismennirnir hlutu 2 vinninga gegn 1. Vilmundur Gylfason vann sína skák, en þeir Guðmundur G. Þórarinnsson og Halldór Blöndal gerðu

báðir jafntefli. Í annarri umferðinni töpuðu þeir íslensku öllum skákunum, en þá hafði Garðar Sigurðsson komið inn fyrir Vilmond. Síðasta umferðin var tefld í gær og lauk þá öllum skákunum með jafntefli. Úrslit urðu því eins og áður sagði 5,5 vinningar gegn 3,5 Hollendingum í vil.

Þá má geta þess, að alþingismennirnir tefldu einnig í Hollandi fyrr á þessu ári og þá lauk viðureigninni með íslenskum sigri, 6 vinningum gegn 4, þannig að nú er staðan jöfn.

Fundur Iðntæknistofnana Norðurlanda haldinn hér

FUNDUR Iðntæknistofnana Norðurlanda um sjálfvirkni og örtölvutækni verður haldinn að Laugarvatni, dagana 22.—27. ágúst nk. Verður þar m.a. rædd samvinna um námskeið og menntun á nýjum tæknisviðum, þróun og áætlanir fyrir iðnaðinn og framtíðarhorfur, segir í fréttatilkynningu frá Iðntæknistofnun Íslands.

Rafeinda- og sjálfvirknideildir sýsturfundna ITI á Norðurlöndum halda fundi sem þennan árlega og skiptast starfsmenn þá á upplýsingum og gögnum svö sem rannsóknaskýrslum, úttektum

ýmiss konar og námskeiðsgögnunum.

Meðal þess sem sérstaklega verður tekið fyrir á þessum fundi er nám með aðstoð tölvu (CAL), en tilraunir hafa verið gerðar á því sviði í Danmörku og verða niðurstöður athugana þar kynntar. Þá verður fjallað um fjölvinnslu í ADA-forritunarmáli, þróun í kerfisforritun, hönnun tölvurása, gagnafjarskipti, upplýsingatækni og fleira.

Um 40 manns sækja fundinn og eru meðal þeirra margir færustu sérfræðinga Norðurlanda á þessu sviði.

Misjafn heyfengur í Skagafirði

Bæ, Höfnaströnd, 19. ágúst.


NORDAN og norðaustan dimmviðri hefur nú undanfarið verið hér og úrkoma í útsveitum en til muna betra veður á innhéraði og þar eru allflestir bændur búnir með fyrri slátt með göðum heyfeng. Í ytri hluta héraðsins eru hey víða úti og tölvvert mikið farin að hrekjast og því er sýnilegt að heyskapur verður þar mun minni heldur en áður hefur verið.

Í framhéraðinu auglýsa bændur aftur á móti hey til sölu, svo þar hefur verið til mikilla muna betri heyskapur. Berjaspretta virðist ætla að lofa góðu, sérstaklega ef hlýnar og sömu sögu er að segja af kartöfluuppskeru. Smærri bátar hér frá Skagafirði eru nú farnir að stunda netaveiðar og hefur afli

eitthvað glæðzt, enda hefur sild komið upp með fiskinum. Vegir hafa spillt mikið í rigningunum, sérstaklega í útsveitum og þó er vel við haldið vegum.

Nýlega lézt í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki Hjörtur Benediktsson, sem var elzti maður héraðsins um 100 ára gamall.

Björn í Bæ



Rannsóknir hafnar á Eldvarpasvæðinu

HAFNAR eru rannsóknir á Eldvarpasvæðinu, sem álitid er að sé háhitasvæði eins og Svartsengis- og Reykjanesvæðin og er í u.þ.b. 5 km fjarlægð vestur af orkuveri Hita-

veitu Suðurnesja við Svartsengi.

Myndin sýnir höggbor, sem notaður er við forborun fyrir gufubor, en á þessum stað er fyrirhugað að bora fyrstu gufuholuna á

svæðinu. Eldvarpasvæðið er í landi Húsatófta, sem er í eigu ríkisins.

Ljós. Ól. Rúnar.

Landið ræktað frá fyrstu landnámsstíð

NIÐURSTÖÐUR rannsókna á uppgreftinum í Adalstræti sýna að byggð var á þessu svæði fyrir fall landnámsösku, um 890. Ennfremur er nú ljóst að land hefur verið ræktað á þessu svæði frá fyrstu landnámsstíð. Fannst m.a. hluti af plóg í elstu mannvistarleyfum sem sanna þykir þetta.

Uppgröftur þessi var gerður á árunum 1971—75 og liggur nú hluti niðurstaðanna fyrir. Var þessi hluti kunngerður í erindi sem sænski fornleiffræðingurinn Else Nordahl flutti á þingi norrænna fornleiffræðinga, sem nú er haldið hér á landi.

Þannig kom fram í erindi Else að byggð virðist hafa haldist á umræddu svæði lengur en heimildir hafa gefið til kynna. Litlar

rústum annarrar. Enn er aðeins lítil hluti þessa svæðis rannsakadur, en miðbærinn er án efa eitt mikilvægasta svæði landsins hvað varðar upplýsingar um upphaf Íslandssögunnar.

Þing fornleiffræðinga er nú haldið í fyrsta sinn á Íslandi, en hefur verið haldið 15 sinnum áður á hinum Norðurlöndunum. Eru nú hingað komnir tæplega 100 fornleiffræðingar og halda þeir þing sitt á Edduhótelunum við Laugarvatn. Þingið er haldið hér á vegum Þjóðminjasafns Íslands.

Kjarvalsstaðir:


FRÍMEX 1982

Í GÆR var opnuð á Kjarvalsstöðum frimerkjasýning, FRÍMEX 1982. Er það Félag frimerkjasafnara, sem heldur sýninguna í tilefni 25 ára afmælis síns. Sagði Jón Skúlason, pósti- og símamálastjóri, við opnunina í gær, að þetta væri stærsta sýning sinnar tegundar hér á landi til þessa.

Fyrir utan frímerki og umslög eru á sýningunni póstmínjasafn,

trjáviðarsafn, einkennis- og barmmerkjasafn, hlutabréf og vörupeningar. Þá er starfrækt sérstakt pósthús í tengslum við sýninguna.

Sýningin er opin frá kl. 14 á daginn til kl. 22, fram á mánudag. Á laugardag og sunnudag er sýningin opin kl. 14—20.



Hallgrímshátíð í Saurbæ

Hallgrímshátíð verður haldin í Hallgrímskirkju í Saurbæ, sunnudaginn 22. ágúst, í tilefni af 25 ára vígsluafmæli kirkjunnar.

Hátíðarguðsþjónusta verður í kirkjunni kl. 14. Mun biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, prédika, sr. Björn Jónsson og sr. Ingiberg J. Hannesson, prófastur, þjóna fyrir altari ásamt sókn-

arprestinum, sr. Jóni Einarssyni, prófasti. Að guðsþjónustu lokinni býður Kvenfélagið Lilja, Hvalfjarðarströnd, öllum kirkjugestum kaffiveitingar.

Hátíðarsamkoma verður síðan í kirkjunni kl. 16.30 og flytur formaður sóknarnefndar, Vífill Búason, ávarp og Andrés Björnsson útvarpsstjóri hátíðarávarp. Ennfremur les Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona upp og hjónin Inga Rós Ingólfssdóttir og Hörður Áskelsson flytja samleik á selló og orgel.

Í tengslum við kirkjuhátíðina heldur Hallgrímsdeild Prestafélags Íslands aðalfund sinn. Efni fundarins að þessu sinni eru þættir úr guðfræði 20. aldar.

Leiðrétting

Nafn Einar Larsens garðyrkjumanns á Grund misritaðist í blaðinu í gær. Stóð þar Eiríkur. Eru viðkomandi beðnir velvirðingar á þessu.



Laugaveg 30

PARTNER ÚTSALAN

gerist meira spennandi.

Nú færð þú

	áður
veiðijakka á 490	1.220
jakka á 490	770
kakibuxur á 290	435
peysur á 100	195
boli á 50	145

og margt fleira s. 27199.



Mikið var að gera á pósthúsinu á Kjarvalsstöðum, sem er í tengslum við FRÍMEX 1982.